

Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls bs.

haldinn í fjarfundi fimmtudaginn 22. október 2020 kl. 15:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Jón G. Valgeirsson, Ingibjörg Harðardóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Björn Kr. Pálmarsson, Guðmundur Oddgeirsson, Grétar Ingi Erlendsson, Elliði Vignisson, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Kristófer Tómasson, Hrafnkell Guðnason og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritaði fundargerð.

Auk þess sátu fundinn Hrafnhildur Karlsdóttir teymisstjóri skólaþjónustunar og Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls.

Dagskrá aðalfundar.

1. Skýrsla stjórnar um starfsárið 2019
2. Ársreikningur síðasta rekstrarárs
3. Fjárhagsáætlun 2021
4. Breytingar á samþykktum
5. Ráðning löggilts endurskoðanda
6. Önnur mál.

1. Skýrsla um starfsemi starfsárið 2019.

Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu fór yfir skýrslu liðins starfsárs. Nokkrar umræður urðu um skýrsluna og tengt efni.

Ragnheiði þakkað fyrir góða skýrslu og vel framsett gögn.

2. Ársreikningur 2019.

Ársreikningur Skóla- og velferðarþjónustu Árneshvíls fyrir árið 2019. Farið var yfir reikninginn. Reikningur samþykktur samhljóða.

3. Fjárhagsáætlun ársins 2021.

Fjárhagsáætlun Skóla- og velferðarþjónustu fyrir árið 2021 lögð fram til staðfestingar. Þó nokkur aukning er á launalið í áætluninni. Nýsamþykktir kjarasamningar innihéldu töluverðar hækkningar auk þess var bætt inn starfsmönnum í þjónustuna á árinu 2020 og því er launakostnaður að aukast. Rætt var um starfsemina. Stjórn hefur samþykkt að nýta árið 2021 til að rýna rekstur og þjónustu starfseminnar.

Fjárhagsáætlunin samþykkt samhljóða.

4. Breytingar á samþykktum.

Engar tillögur hafa borist um breytingar á samþykktum.

5. Ráðning löggilts endurskoðanda

Deloitte hefur séð um endurskoðun reikninga og er gerð tillaga um að það verði áfram. Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

- a. Ásta vildi koma á framfæri þökkum til starfsfólks skóla-og velferðarþjónustunnar fyrir góð störf. Árið hefur verið erfitt en starfsfólk hefur staðið sig vel í öllu því álagi sem fylgt hefur covid-19.
- b. Hrafnhildur fór yfir það að hvert og eitt sveitarfélag geti kallað eftir frekari upplýsingum frá þjónustunni til að greina betur starfið á hverjum stað.

Til stóð í vor að funda með fræðslunefndum sveitarfélaganna og auka tengslin við sveitarfélögin en vegna ástandsins þurfti að fresta því. Beðið er eftir tíma til að fara í það og vonast er til að það geti orðið sem fyrst.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:30

Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari